

Fornleifakönnun vegna skipulags á Borðeyri í Hrútafirði

Unnið fyrir Bæjarhrepp



Margrét Hallmundsdóttir
Caroline Paulsen

Apríl 2008
NV nr. 9-08

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðir	3
4. Skrá yfir fornleifar	4
5. Niðurstöður	14
6. Kort	15
7. Herimildaskrá.....	17

1. INNGANGUR

Nú stendur yfir endurskoðun á skipulagi Borðeyrar og því fór Bæjarhreppur fram á við Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða að hún tæki að sér að kanna hvort einhverjar fornminjar leyndust á tilvonandi skipulagssvæði.

Þorpið á Borðeyri byggðist í landi Borðeyrarbæjar en hluti þorpsins er innan marka jarðarinnar Lyngholts sem er nýbýli byggt úr landi Borðeyrarbæjar.

Fornleifaskráning á vettvangi fór fram í lok mars 2008 og sáu fornleifafraeðingarnir Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen um skráninguna á vettvangi. Margrét sá svo um heimildakönnun og frágang skýrslu. Skýrsluhöfundar vilja einnig þakka heimildarmanni sínum Georg Jóni Jónssyni fyrir alla aðstoðina.

2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögini eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögini að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a) búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b) vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c) gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d) gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e) virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f) gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g) áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h) haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i) skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Þar sem hér er um að ræða afmarkaða fornleifaskráningu vegna aðalskipulagsgerðar var eingöngu skráð á vettvangi það svæði sem er innan fyrirhugaðs skipulags. Það svæði nær eingöngu yfir þropið á Borðeyri. Engin fornleifaskráning fór fram á næstu jörðum og var tiltölulega lítil hluti jarðarinnar Borðeyrarbæjar skráður. Öll skráin er þó látin fylgja með skýrslunni til gamans.

Þó svo að minjavernd miði við 100 ára aldursmark minjastaða voru einnig teknir með staðir og hús frá fyrri hluta 20. aldar, þar sem að elstu byggingar á Borðeyri er órjúfanlegur hluti af sögu verslunarstaðarins.

Þar sem ákveðið var að gera fornleifakort yfir Borðeyri var differential gps stöð notðu við skráninguna. Ásamt því að staðsetja minjastaði var einnig mæld upp mannvirki, s.s. vegir, hús, og einnig náttúrumyndanir, s.s. ár, lækir, strandlengjur o.s.frv. Minjastöðunum var lýst og skráð staðsetning með gps stöð og loks voru teknar ljósmyndir af hverjum stað.

4. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Borðeyrarbær: 161681) og hins vegar eins og það kemur fyrir í Jarðatal Johnsens frá 1847 (d. Borðeyrarbær: 110). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. SS-161681-

110:001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Borðeyrarbær SS-161681

“Þröstr ok Grenjuðr, synir Hermundar hokins námu land í Hrútafirði inn frá Borðeyri ok bjuggu á Melum. Frá Grenjaði var kominn Hesta-Gellir prestur, en Ormr frá Presti.” (Ísl.sög.I., bls. 119). “Hermundr Illugason unaði lítt eftir Gunnlaug, bróður sinn, ok þótti ekki hans hefnt at heldr, þótt þetta væri gert. Maðr hét Hrafn ok var bróðursonr Önundar at Mosfelli. Hann var farmaðr mikill ok átti skip, er uppi stóð í Hrútafirði. Ok um várit reið Hermundr Illugason heiman einn samt ok norðr Holtavörðuheiði ok svá til Hrútafjarðar ok út á Borðeyri til skips kaupmanna.” (Ísl.sög.II., bls.369). “Á því sumri kom Björn út í Hrútafirði á Borðeyri með mikit fé ok hafði sóttan mikinn frama ok atgervi. Þeir bera búnað sinn af skipi ok reisa tjöld sín.” (Ísl.sög.III., bls. 215). “Kolbeinn hét stýrimaður, er skip átti upp á Borðeyri í Hrútafirði.” (Ísl.sög.III., bls.342) “Um sumarit eftir bjuggust þeir bræðr, Þórðr ok Þorvaldr, til Íslands ok kómu skipi sínu á Borðeyri í Hrútafirði, fóru síðan heim til föður síns ok þóttu inir mestu menn.” (Ísl.sög.III., bls.353). “Skip stóð uppi í Borðeyri í Hrútafirði. Örn hét stýrimaðr. Hann var hirðmaðr Haralds konungs Gunnhildarsonar.” (Ísl.sög.IV., bls.48). “Ólafi byrjaði vel um sumarit. Hann kom skipi sínu í Hrútafjörð á Borðeyri.” (Ísl.sög.IV., bls. 60). “Þat sama sumar, er Þorgils Hölluson var veginn, kom skip í Bjarnarhöfn. Þat átti Þorkell Eyjólfsson. Hann var þá svá aðigr maðr, at hann átti tvá knörru í förum. Annarr kom í Hrútafjörð á Borðeyri, ok var hvárrtveggi viði hlaðinn.” (Ísl.sög.IV., bls.206). “Þat bar til tíðenda eitt sumar, at skip kom af hafi í Hrútafirði á Borðeyri. Sleitu-Helgi hét stýrimaðr, en Jörundr bróðir hans.” (Ísl.sög.V., bls.414). “Síðan kómu þeir í fjörðinn (Hrútafjörð), ok gerði þá þoku mikla. Þeir kómu á eyri eina, fundu þeir þar borð stórt nýrekit. Þá mælti Ingimundr: “Þat mun ætlat, at vér skylim hér örnefni gefa, ok mun þat haldast, ok köllum vér eyrina Borðeyri.”” (Ísl.sög.VII., bls.36) “Þess er getit, eitthvert sumar, at Oddr kemr skipi sínu á Hrútafjörð við Borðeyri ok ætlar at vera hér um vetrinn.” (Ísl.sög.VII., bls.349). “Þessu næst kemr skip af hafi vestr í Hrútafjörð á Borðeyri, ok hét Bergur stýrimaðurinn ok kallaðr Bergur rakki.” (Ísl.sög.IX.,bls. 339) “En er sumra tók, ræddust þau Búi við ok Esja. “Vil ek nú,” sagði hon, “at þú liggir eigi hér lengr, heldr skaltu fara norðr til Hrútafjarðar. Þar hefir skip uppi staðit í vetr á Borðeyri. Þar skaltu útan fara ok freista, hvat þar liggi fyrir þér. Ek gerumst nú gömul, ok mun ek eigi fá vetr ólifat.”” (Ísl.Sög. XII., bls. 337). Olafur Olavíus segir að á Borðeyri séu rústir búða og nausta og telur hann að það leyfar verslunarhúsa (Olavíus) “Kauptúnið stendur á litlum tanga, sem gengur fram í sjóinn, fyrir innan Borðeyrarmelinn, og á eyri sem liggur út með melnum að austanverðu, nefnist hún Austureyri.” (Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar).

SS-Borðeyrarbær 161681-110-1

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Býli

Staðhættir: „ofan við gamla túnið er nokkuð stór hóll sem nefndur hefur verið bæjarhóll.,,

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-2

Sérheiti: Húsatún

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Ekki þekki ég nein örnefni í gamla túninu nema það var kallað húsatún, fyrir neðan bæjarhól efst í gamla túninu. Þar voru fjárhúsin í tvennu lagi „

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-3

Sérheiti: Húsatún

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Ekki þekki ég nein örnefni í gamla túninu nema það var kallað húsatún, fyrir neðan bæjarhól efst í gamla túninu. Þar voru fjárhúsin í tvennu lagi„

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-4

Hlutverk: Náttthagi

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Suðvestan við gamla túnið er grasigróinn hóll náttthagi, hefur verið girtur, trúlega notaður fyrir kvíar meðan fært var frá„

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Nokkuð fyrir norðan eru tveir hólar nefndir grjóthólar„

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

Borðeyrabær 161681-110-6

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Landið fyrir ofan grjóthólana eru raklendar mýrar upp að svonefndum selás sem liggur að Hróðmundará skammt fyrir ofan vaðið,,

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-7

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Landið fyrir ofan grjóthólana eru raklendar mýrar upp að svonefndum selás sem liggur að Hróðmundará skammt fyrir ofan vaðið, nú járnræsið á Laxárheiðarveginum suður að Selborg,,

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-7

Sérheiti: Selborg

Hlutverk: Sel/fjárborg?

Tegund: Heimild

Staðhættir: „ Landið fyrir ofan grjóthólana eru raklendar mýrar upp að svonefndum selás sem liggur að Hróðmundará skammt fyrir ofan vaðið, nú járnræsið á Laxárheiðarveginum suður að Selborg,,

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-8

Sérheiti: Dauðmannsholt

Hlutverk: Dys ?

Tegund: Heimild

Staðhættir: „, Sunnan við Hróðmundará nokkuð langt fyrir ofan Selás er holt sem nefnist *Dauðmannsholt*

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

Borðeyrabær 161681-110-9

Sérheiti: Dauðmannsvarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir: „,Sunnan við Hróðmundará nokkuð lang fyrir ofan Selás er holt sem nefnist *Dauðmannsholt* og á holtinu er lítil varða sem nefnist *Dauðmannsvald* Ekki þekki ég tilefni þessarar nafngiftar en trúlegt er að þar hafi einhvern tíman fundist látinn maður, að líkindum orðið úti,,

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-10

Hlutverk: óþekkt

Tegund: rústir

Staðhættir: „Í brekkunni sunnan undir Selborginni virðist móta fyrir litlum rústum, en ólíklegt er að þar hafi verið haft í seli frá Borðeyri, það er of stutt frá bænum til þess, trúlega að þarna hafi kunnað vera smalakofi..“

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-11

Sérheiti: Grensborg

Hlutverk: Fjarborg

Tegund: Heimild

Staðhættir: „, Rétt fyrir ofan Selborg er Grensborg,,

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-12

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Staðhættir: „á Krókaásnum er grjótvarða,„

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-13

Hlutverk: Þvottastaður

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir: „Niður að stöpunum utanvert við Laugarholt er svonefnd Laugarmýri, þar er einhver jarðhiti,„

Minjalýsing:

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrabæjar

SS-Borðeyrabær 161681-110-14

Sérheiti: Borðeyri

Hlutverk: Verslunarstaður

Tegund: Heimild

Staðhættir: “Hermundr Illugason unaði lítt eftir Gunnlaug, bróður sinn, ok þótti ekki hans hefnt at heldr, þótt þetta væri gert. Maðr hét Hrafn ok var bróðursonr Önundar at Mosfelli. Hann var farmaðr mikill ok átti skip, er uppi stóð í Hrútafirði. Ok um várit reið Hermundr Illugason heiman einn samt ok norðr Holtavörðuheiði ok svá til Hrútafjarðar ok út á Borðeyri til skips kaupmanna.” Ólavur Ólavíus segir að á tanganum séu leifar verslunarhúsa, búða og nausts.

Minjalýsing: Þorpið á Borðeyri stendur nú á því svæði þar sem verslunarstaðurinn var áður og hafa framkvæmdir síðustu 150 ár eyðilagt allar minjar sem áður voru á tanganum.

Heimildir: Íslendinga Sögur, II. bindi. Ólavur Ólavíus, Ferðabók.

SS-Borðeyrabær 161681-110-15

Hlutverk: Verslunarhús

21°05'39.319V

65°58'45.141N

Tegund: Hús

Staðhættir: “Fremst og austast á tanganum er allstór steinbygging á tveimur hæðum ásamt rishæðar, verslunarhús kaupfélags Hrútfirðinga og íbúð kaupfélagsstjóra á efri hæð. Hús þetta var byggt 1920 en brann 1930.”

Minjalýsing: Yst á tanganum stendur steinhús sem hýsir gistiheimili. Verslunarhúsið stóð áður á sama stað en er horfið.

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar.

SS-Borðeyrarbær 161681-110-16

Sérheiti: Brydeshús

Hlutverk: Verslunarhús

21°05'40.860V

65°12'32.865N

Tegund: Hús

Staðhættir: “Skammt fyrir ofan fyrrgr. rústir var gamalt traustbyggt byggt hús úr timbri svo nefnt Brydeshús. Þar verslaði Brydes kaupmaður danskur 1881-1891, síðar sýslumannshús. Halldór Kr. Júlíusson bjó í því 1909 – 1938. Árið 1940 var húsið tekið hernámi og bjuggu í því breskir setuliðsmenn en þá brann húsið af þeirra völdum ásamt fleiri húsum á Borðeyri.” Húsið sést á ljósmynd frá um aldamótin 1900.

Minjalýsing: Húsið stóð rétt vestan við ysta húsið á tanganum á svipuðum slóðum og gamla kaupfélagið stendur. Húsið er horfið og ekkert er eftir af því.

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar.



Mynd 1. Riishúsið á Borðeyri.

SS-Borðeyrarbær 161681-110-17**Sérheiti:** Riishús**Hlutverk:** Íbúðarhús 21°05'43.323V 65°12'32.392N**Tegund:** Hús

Staðhættir: “Fyrir vestan verslunarhúsið er gamalt íbúðarhús, þar bjó Riis kaupmaður á sumrin meðan hann rak verslun á Borðeyri. Þetta er elsta húsið á Borðeyri, byggt árið 1861. Húsið er nú í eyði en mjög stæðilegt enda traustbyggt.”

Minjalýsing: Húsið stendur enn og er verið að laga það til. Stendur rétt vestan við kaupfélagshúsið.

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar.**SS-Borðeyrarbær** 161681-110-18**Hlutverk:** Símsstöð/skóli 21°05'45.030V 65°12'31.917N**Tegund:** Hús

Staðhættir: , “Fyrir vestan Riishúsið er steinhús. Þar hafði landsímastöðin aðstöðu á meðan hún var á Borðeyri. Síðan var það notað fyrir Barnaskóla þangað til nú fyrir tveimur árum að barnaskólinn var byggður á öðrum stað.”

Minjalýsing: Steinhúsið stendur enn rétt vestan við Riishúsið.

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar.**SS-Borðeyrarbær** 161681-110-19**Sérheiti:** Ólafshús**Hlutverk:** Íbúðarhús 21°05'45.809V 65°12'31.385N**Tegund:** Hús

Staðhættir: “Vestan við barnaskólahúsið er fremur lítið timburhús, svo nefnt Ólafshús. Þar fyrir vestan og efst á tanganum er Brynjólfshús. Norður af því, undir brekkunni sunnan í melnum er Tómasarbær, upphaflega torfbær en endurbyggður úr timbri.

Minjalýsing: Húsin standa öll á sínum stað vestan Riishússins.

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar.**SS-Borðeyrarbær** 161681-110-20**Sérheiti:** Brynjólfshús**Hlutverk:** Íbúðarhús 21°05'47.528V 65°12'31.385**Tegund:** Hús

Staðhættir: “Vestan við barnaskólahúsið er fremur lítið timburhús, svo nefnt Ólafshús. Þar fyrir vestan og efst á tanganum er Brynjólfshús. Norður af því, undir brekkunni sunnan í melnum er Tómasarbær, upphaflega torfbær en endurbyggður úr timbri.

Minjalýsing: Húsin standa öll á sínum stað vestan Riishússins.

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar.

SS-Borðeyrarbær 161681-110-21

Sérheiti: Tómasarbær

Hlutverk: Íbúðarhús 21°05'47.033V 65°12'32.575N

Tegund: Hús

Staðhættir: “Vestan við barnaskólahúsið er fremur lítið timburhús, svo nefnt Ólafshús. Þar fyrir vestan og efst á tanganum er Brynjólfshús. Norður af því, undir brekkunni sunnan í melnum er Tómasarbær, upphaflega torfbær en endurbyggður úr timbri.

Minjalýsing: Húsin standa öll á sínum stað vestan Riishússins.

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar.

SS-Borðeyrarbær 161681-110-22

Sérheiti: Lækjarbrekka

Hlutverk: Íbúðarhús 21°05'48.495V 65°12'32.176N

Tegund: Hús

Staðhættir: Vestur af Tómasarbænum, á bakka lækjarins, sem rennur úr lækjardalnum, sem áður er nefndur, er lítið íbúðarhús, Lækjarbrekka.

Minjalýsing: Húsið er horfið og ekki sést til neinna fornminja.

Heimildir: Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar.

SS-Borðeyrarbær 161681-110-23

Hlutverk: Garðlag 21°05'50.370V 65°12'39.79N

Tegund: Óþekkt

Staðhættir: Þorpið á tanganum er byggt á láglendisspildu rétt ofan fjöruborðs og vestan megin við þorpið eru brattar brekkur. Fyrir norðvestan þorpið í brekkunni sjást leyfar eftir garð. Á ljósmyndum frá því um aldamótin 1900 sést að brekkurnar eru greinilega ræktaðar.

Minjalýsing: Ekki er um eiginlegt mannvirki að ræða heldur er þetta sennilega lítið ræktað svæði, líklega kálgarður.

Heimildir: Ljósmynd frá því um 1900.

SS-Borðeyrarbær 161681-110-24**Hlutverk:** Útihús 21°05'44.139V 65°12'32.104N**Tegund:** Óþekkt**Staðhættir:** Á ljósmynd frá því um 1900 sjást tvö torfhús vestan við Riishúsið á svipuðum slóðum og símsstöðvarhúsið og Ólafshús eru nú.**Minjalýsing:** Ekki sjást nein ummerki um þessi hús og hafa framkvæmdir á þessum slóðum fjarlægt öll ummerki um þau.**Heimildir:** Ljósmynd frá því um 1900.**SS-Borðeyrarbær** 161681-110-25**Hlutverk:** Útihús 21°05'46.191V 65°12'31.608N**Tegund:** Óþekkt**Staðhættir:** Á ljósmynd frá því um 1900 sjást tvö torfhús vestan við Riishúsið á svipuðum slóðum og símsstöðvarhúsið og Ólafshús eru nú.**Minjalýsing:** Ekki sjást nein ummerki um þessi hús og hafa framkvæmdir á þessum slóðum fjarlægt öll ummerki um þau.**Heimildir:** Ljósmynd frá því um 1900.**SS-Borðeyrarbær** 161681-110-26**Hlutverk:** Útihús 21°05'48.296V 65°12'33.216N**Tegund:** Óþekkt**Staðhættir:** Samkvæmt heimildarmanni var algengt áður fyrir að íbúar Borðeyrar ættu búfénað og byggðu íbúar skúra og minni útihús til að hýsa þennan fénað. Öll þessi útihús eru nú horfin en hann sagði að tvö hefðu staðið norðvestan við Tómasarhús.**Minjalýsing:** Ekki sjást nein ummerki um þessi hús og hafa framkvæmdir á þessum slóðum fjarlægt öll ummerki um þau.**Heimildir:** Georg Jón Jónsson, Kjörseyri.**SS-Borðeyrarbær** 161681-110-27**Hlutverk:** Útihús 21°05'49.086V 65°12'33.511N**Tegund:** Óþekkt**Staðhættir:** Samkvæmt heimildarmanni var algengt áður fyrir að íbúar Borðeyrar ættu búfénað og byggðu íbúar skúra og minni útihús til að hýsa þennan fénað. Öll þessi útihús eru nú horfin en hann sagði að tvö hefðu staðið norðvestan við Tómasarhús.

Minjalýsing: Ekki sjást nein ummerki um þessi hús og hafa framkvæmdir á þessum slóðum fjarlægt öll ummerki um þau.

Heimildir: Georg Jón Jónsson, Kjörseyri.

5. NIÐURSTÖÐUR

Fornleifakönnunin fór fram á tilvonandi skipulagssvæði, sem nær eingöngu yfir lítinn hluta jarðarinnar Borðeyrarbæjar. Umrætt könnunarsvæði var afmarkað við þorpið á Borðeyri og nánasta umhverfi. Við heimildakönnun fundust heimildir fyrir 27 minjastöðum á allri jörðinni en við vettvangsrannsókn á skipulagssvæðinu fundust eingöngu minjar á einum stað.


Samkvæmt heimildum var verslunarstaður á Borðeyri á fyrstu öldum byggðar í landinu en líklegt er að hætt hafi verið að versla á staðnum í lok miðalda. Allar heimildir benda til þess að staðurinn hafi verið einn mikilvægasti verslunarstaðurinn á norðurlandi. Ástæður þess er að á Borðeyri eru náttúruleg hafnarskilyrði góð og á norðurlandi er næsta góða náttúrulega höfnin á Gásam í Eyjafirði. Á 18. öld eru heimildir um grónar búðarústir sem bendir til þess að verslun hafi verið hætt nokkrum öldum fyrr. Um miðja 19.öld hófst aftur verslun á Borðeyri og stóð hún með blóma fram á 20.öld.

Engar minjar fundust við vettvangsathugun sem tengjast verslun frá miðöldum og er líklegt að framkvæmdir á 19. og 20. öld hafi fjarlægt allar minjar um eldri búsetu. Einnig eru þær minjar sem tengjast búsetu og verslun á 19. öld horfnar, fyrir utan Riishúsið sem stendur enn.

Allt bendir til þess að búseta á Borðeyri hafi aðallega verið á svæðinu frá læknum í Lækjardal, þ.e. austan við lækinn og niður að sjó. Þó svo að engar minjar sjáist nú í yfirborði benda heimildir til að byggðin hafi verið þéttust á þessu svæði, fyrir utan svæðið rétt austan við lækinn í Lækjardal. Jarðvegur er þunnur á nær öllu svæðinu og stutt niður á sendið undirlag. Ekki er líklegt að minjar komi í ljós við hverskonar rask á svæðinu en samt er ekki hægt að útiloka það.


Hvorki heimildakönnun né vettvangsathugun leiddu í ljós minjastaði á svæðinu vestan lækjarins í Lækjardal. Ástæða þess er eflaust sú að svæðið er mjög bratt og ólíklegt að bændur fyrr á tímum hafi reist mannvirki á slíku svæði. Sömuleiðis er þetta svæði mjög óhentugt fyrir búðarsetu og þar af leiðandi ólíklegt að menn hafi reist sér tjöld í slíkum halla.

6. KORT



Uppmæling var gerð með differential gps stöð. Vörpun: Lambert Conformal Conic. WGS84

Kort 1. Könnunarsvæðið á Borðeyri.



Uppmæling var gerð með differential gps stöð. Vörpun: Lambert Conformal Conic. WGS84

Kort 2. Minjastaðir á Borðeyri.

7. HERIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.

Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. I-XII. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13.

Íslendinga sögur I-XII., Guðni Jónson ritstjóri, 12 bindi, bindi I, Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, 1981.

J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla. Samband vestfirzkra áttthagafélaga. Reykjavík, 1952.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzkra áttthagafélaga. Reykjavík, 1952.

Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001.

Óprentaðar heimildir

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar.